

- a. 1. mgr. 5. gr. um að fylgja leiðbeiningum fyrir umferð sem gefnar eru með umferðarmerkjum, umferðarljósum o.þ.h.,
- b. IV. kafla um umferðarreglur fyrir öikumenn, og
- c. V. kafla um ökuhraða.

Ökumaður skal jafnan fara eftir merkjum sem lögreglan gefur við umferðarstjórn.

Við akstur á móti rauðu eða gulu ljósi á gatnamótum þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum skal ökumaður enn fremur draga svo mikið úr hraða að hann geti tafarlaust stöðvað ökutæki sitt fyrir umferð úr þverstæðri átt.

Notkun ljós- og hljóðmerkja við neyðarakstur dregur ekki úr skyldu ökumanns til að sýna tillitsemi og viðhafa varúð gagnvart öðrum vegfarendum.

8. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 8. gr. umferðarlaga, nr. 50, 30. mars 1987, með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um neyðarakstur, nr. 101, 26. febrúar 1988.

*Samgönguráðuneytinu, 1. júlí 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi íþrótta- og skólasvæðis við Ásgarð. Í breytingunni felst að við keppnisvöll er gert ráð fyrir fjórum ljósamöstrum. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi Kjóavalla á félagssvæði Hestamannafélagsins Andvara. Í breytingunni felst m.a. að nyrðri gæðinga- og íþrótta-völlur stækkar úr 250 metrum í 300 metra völlum og áhorfendastúkur eru mótaðar til samræmis við breytinguna. Bílastæðum er fjölgað, staðsetning vallarhúss breytist og reiðleiðir eru lagfærðar á svæðinu. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 1. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi í Molduhrauni að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í Molduhrauni vegna lóða að Suðurhrauni 4, 6, 8 og 10. Í breytingunni felst m.a. að lóðarmörk breytast milli áður-

greindra lóða við Suðurhraun. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar skipulagsbreytingar og skipulag öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 15. júlí 2004.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um staðfestingu reglugerðar fyrir Tónskóla Mýrdælinga.

Með vísan til 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla staðfestist hér með reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga, sem samþykkt var af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 22. janúar sl. og birtist sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 13. júlí 2004.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Guðmundur Árnason.*

### Fylgiskjal.

#### **Reglugerð fyrir Tónskóla Mýrdælinga.**

##### 1. gr.

Skólinn heitir Tónskóli Mýrdælinga. Skólinn er í eigu Mýrdalshrepps og fer sveitarstjórn Mýrdalshrepps með yfirstjórn hans. Starfsemi skólans fer fram í skólahúsnæði hreppsins við Mánabraut. Skólinn starfar skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 með síðari breytingum.

##### 2. gr.

Hlutverk skólans er að veita almenna tónlistarfræðslu og annast kennslu í hljóðfæraleik og efla með því tónlistarlíf í Mýrdalshreppi.

##### 3. gr.

Skólanefnd Mýrdalshrepps fer með yfirstjórn skólans í umboði sveitarstjórnar. Sveitarstjóri annast framkvæmdarstjórn fyrir nefndina og undirbýr fundi í samráð við formann. Formaður skólanefndar boðar til funda með dagskrá svo oft sem þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skólastjóri sitji skólanefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er að verða við tilmælum skólastjóra um fund í skólanefnd enda sé fundarefni tilgreint. Einnig ber að boða til fundar ef a.m.k. þriðjungur aðalmanna í skólanefnd æskir þess.